

Skýrsla bæjarstjóra 19. mars 2020

Nú eru skrítnir tímar í heiminum og þessi skýrsla mun bera keim af því. Útbreiðsla Covid-19 veirunnar um heim allan hefur gríðarleg áhrif á allt samfélagið. Við reynum að takast á við aðstæður af ró og yfirvegum og með jákvæðni að leiðarljósi. Við erum von að takast á við erfið verkefni sem samfélag og höfum fengið hrós fyrir að standa saman sem ein heild þvert á stofnanir og viðbragðsaðila. Við erum að vinna vel saman í dag og fundum reglulega um þróun mála fulltrúi sveitarfélags, lögreglu, björgunarsveitar og heilsugæslu. Eins eigum við í góðu samstarfi við almannavarnir á Suðurlandi.

Forstöðumenn sveitarfélagsins hafa unnið hörðum höndum að því að skipuleggja starfsemina þannig að sem minnst rask verði á hefðbundnu starfi. Sem betur fer erum við nokkuð heppin með stærð árganga í skólum sem og skólahúsnæði og því hefur lítið rask skapast við þessar aðstæður. Stofnanir vinna að því að skipta upp vöktum og aðskilja starfsmenn svo starfsemi sveitarfélagsins geti haldist órofin. Á svona stundum er mikilvægt að hafa góðan starfsmannahóp líkt og við hjá sveitarfélaginu getum státað okkur af. Takk fyrir kæra starfsfólk.

Þessi pistill á svo sem ekki einungis að snúast um Covid-19 faraldurinn og ætla ég því að tæpa á því helsta sem á daga mína hefur drifið frá síðasta bæjastjórnarfundi.

Óveður og rafmagnsleysi

Herjaði á okkur Hornfirðinga föstudaginn 14. febrúar með víðtæku og langvarandi rafmagnsleysi. Nokkrum stofnunum sveitarfélagsins var lokað til hádegis vegna veðurs sem var farsæl ákvörðun í ljósi rafmagnsleysis. Rafmagn fór snemma morguns og kom ekki á fyrr en eftir hádegi. Við slíkar aðstæður reynir á innviði s.s. vatnsveitu, starfsemi í sundlaug, starfsemi heilbrigðisstofnunar svo dæmi sé tekið. Ástæða þess að rafmagnsleysið varði í svo langan tíma var m.a. sú að spennir RARIK á Hólum var í viðgerð, í kjölfar bilunar í desember, þegar þetta gerðist ásamt því að línur skemmdust vegna veðurs. Töluverð ófærð skapaðist einnig í sveitarfélaginu og brást björgunarsveitin við með aðstoð við akstur starfsfólks á heilbrigðisstofnun, lokun vega og margt fleira. Það er seint þakkað fyrir sjálfbóðaliðastarf björgunarsveitanna við svona aðstæður. Það þarf í kjölfarið af þessu að endurskoða varaafspörf hjá sveitarfélaginu og huga að kaupum og fleiri stöðvum til að halda lykilstofnunum gangandi í viðvarandi rafmagnsleysi. Einnig hefur ríkisstjórnin sett upp aðgerðarpakka til að byggja upp innviði í landinu öllu í kjölfar ítrekaðra áfalla um land allt vegna veðurs í vetur.

Samningaviðræður um rekstur yfirfærslu heilbrigðisstofnunarinnar.

Málið var til umfjöllunar á bæjastjórnarfundinum hér fyrr í dagskránni. Staða samningaviðræðna er erfið. Miðað hefur verið að því að sveitarfélagið haldi áfram rekstri sjúkrarýma og heimahjúkrun ásamt allri öldrunarþjónustu og að yfirfærslan verði 1. apríl. Erfiðlega hefur gengið að ná samkomulagi við HSU um niðurstöðuna og ástandið í samfélaginu nú gera málin ekki auðveldari. Starfsfólk á öllum vígstöðvum sveitarfélagsins vinnur hörðum höndum að því að halda stofnunum í órofinni starfsemi og mikið álag hvílir á

heilbrigðisstofnuninni undir þessum kringumstæðum. Því er mjög erfitt að þurfa að takast á við þá óvissu sem fylgir yfirfærslu verkefna frá sveitarfélagi til ríkis á sama tíma með allri óvissu sem því fylgir fyrir starfsfólk. Það er því einlæg von okkar í bæjarstjórn að hlustað verði á erindi okkar þar sem óskað er eftir frestun á yfirfærslu við HSU. Það gefi stjórnendum svigrúm til að ná lendingu hvað varðar samninga ásamt því að skipta upp bókhaldi.

Hönnun á hjúkrunarheimili

Hönnun hjúkrunarheimilis er nú á lokametrunum. Enn erum við að senda rýniskjöl á milli hönnuða og notanda hússins. Ferlið gengur ágætlega. Það stendur til að bjóða út hluta verksins nú á næstunni, því styttist óðum í fyrstu skóflustunguna. Það eru nokkrar líkur á að það geti gerst næsta haust. Það verður ánægjulegt að sjá nýtt hús rýsa um leið og Covid-19 móðan yfirgefur landið!

Íbúafundur um skipulagsmál

Nýr sviðsstjóri umhverfis- og skipulagsmála, Brynja D. Ingólfssdóttir, tók til starfa 2. mars síðastliðinn. Hún er nú farin að kynna starfsemi nokkuð eftir að hafa komið tvisvar í tengslum við nefndarfundum í janúar og febrúar. Ákveðið var að fresta umhverfis- og skipulagsnefndarfundinum um viku svo hún gæti komið sér vel inn í málin. Eitt af fyrstu embættisverkjum Brynju var að sitja íbúafund um skipulagsmál ásamt mér og Ásgrími formanni Umhverfis- og skipulagsnefndar. Til umræðu var skipulagið Þétting byggðar, ferðaþjónustukafli aðalskipulags og staðsetning á næsta uppbyggingarsvæði íbúðarhúsnæðis. Stór hluti íbúa í innbænum hefur afhent sveitarfélaginu undirskriftalista þar sem skipulaginu um þéttingu er mótmælt líkt og áður hefur komið fram. Markmið fundarins var að koma öllum sjónarmiðum á framfæri og rökstyðja betur ákvarðarnir meirihlutans um að halda skipulaginu til streitu. Málið fékk í kjölfarið umræðu hjá umhverfis- og skipulagsnefnd sem frestaði ákvörðun um skipulagið á meðan Brynja vinnur með hópnum sem fer fyrir undirskriftalistanum að málinu. Í kjölfarið liggur fyrir að taka þarf ákvörðun um næsta uppbyggingarsvæði fyrir íbúðarhús en nokkrar umræður áttu sér stað á íbúafundinum um það. Þjóðvegur í þéttbýli hefur þar áhrif og fengu starfsmenn það verkefni að ræða staðsetningu þjóðvegarins til framtíðar við Vegagerðina.

Vatnajökulspjóðgarður

Ég sat fund svæðisráðs og það stóð til að halda vinnufund um stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Breiðamerkursand á mánudaginn síðastliðinn, áformað er að halda þann fund á morgun föstudag. Stjórnunar- og verndaráætlunin er mikilvægt stjórnartæki fyrir þjóðgarðinn á svæði þar sem mikill fjöldi ferðamanna er að jafnaði og starfsemi ferðaþjónustuaðila er þar öflug. Þjóðgarðurinn hefur ekki haft stjórnartæki fram til þessa þar sem svæðið er nýtt inn í þjóðgarðinum. Mikið samráð hefur ferlið við ferðaþjónustuaðila og aðra hagsmunaaðila um áætlunina og vonandi verða hlutaðeigandi sáttir við niðurstöðuna sem vonandi verður tilbúin í byrjun sumars. Nú er búið að skipa nýja stjórn í Vatnajökulspjóðgarði en engin stjórn hefur verið starfandi frá því fyrir áramót. Fyrsti fundur nýrrar stjórnar er fyrirhugaður þann 23. mars næstkomandi.

Skipurit sveitarfélagsins

Unnið er að nýju skipuriti fyrir sveitarfélagið. Bæjarráð hefur haft málið til umfjöllunar nokkrum sinnum undanfarið og hef ég nú fengið það hlutverk í samvinnu við Sverri mannauðs- og gæðastjóra að kynna tillögur að nýju skipuriti fyrir starfsfólki. Hef ég því farið inn á nokkra starfsmannafundi vegna málsins. Nú hefur öll vinna undanfarna daga snúist um viðbrögð við Covid-19 faraldrinum og því ekki gefist tími til að halda þessari vinnu áfram. Við munum halda áfram kynningarferli fyrir starfsfólk nú á næstu vikum.

Samkomubann

Var sett á síðastliðinn föstudag. Strax hófst undirbúningur að skipulagi skólastarfs í leik- og grunnskólum en mikil óvissa var um útfærslu og því beðið nánari leiðbeiningar frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Samband íslenskra sveitarfélaga er tengiliður Almannafráttarvæðingarmannanna ríkisins og sóttvarnarlæknis við sveitarfélögin og hafa sent leiðbeiningar og upplýsingar jafnóðum og þau berast. Ég sendi óskir leiðbeiningar á starfsstöðvar sveitarfélagsins með að takmarka aðgengi, raunar hafði sá undirbúningur átt sér stað alla vikuna. Tekin var ákvörðun um lokanir á stofnunum fyrir utanaðkomandi umferð ásamt því að fara yfir viðbragðsáætlanir, útbúa aðgerðaráætlun fyrir sveitarfélagið og fleira. Tekin var ákvörðun um að loka leik- og grunnskólum á Höfn á mánudaginn síðasta svo undirbúningur gæti átt sér stað með starfsfólki skólanna. Helgina notuðum við skólastjórnendur og fræðslustjóri í að undirbúa starfsemina svo vinna gæti strax hafist með starfsfólki á mánudeginum. Við erum heppin með stærð árganga og hópastærðir hér í sveitarfélaginu sem gerir skipulagið í við einfaldara þó um flókið verkefni sé að ræða. Fyrst var miðað að því að aðskilja börnin öllum stundum í skólanum fyrir starfið á þriðjudag. Í gær miðvikudag var unnið að því að aðskilja starfshópa til að koma í veg fyrir að starfsemin lamist komi upp smit. Sama hefur verið gert á öðrum starfsstöðvum s.s. höfninni, áhaldahúsi, félagsþjónustunni, heilbrigðisstofnuninni og hér í ráðhúsi svo dæmi sé tekið. Verkefnið er mis flókið eftir starfsstöðvum en einhvern veginn er þessu púslað saman. Það er frábært hversu vel hefur gengið að vinna með stjórnendum og starfsfólki í þessum flóknu aðstæðum og sendi ég þakkarmyndband til þeirra í gær. Við stjórnendur þurfum að tryggja okkur staðgengil og aðskilja okkar vinnu þannig að það komi alltaf maður í manns stað. Það getur verið flókið í svo litlu sveitarfélagi. Aðstæður geta breyst á svipstundu og þá taka við ný verkefni, svona er lífið í dag!

Íþróttastarf er einnig í uppnámi og hafa engar skipulagðar æfingar verið þessa vikuna. Ég fundaði með Umf. Sindra í vikunni. Þar er lausnarmiðuð hugsun til staðar og vonandi getur íþróttafélagið farið af stað með sameiginlegar æfingar fyrir bekkjardeildir eftir helgina. Formenn deilda Sindra munu hittast aftur í dag eða á morgun til að leggja línurnar.

Ég hef fundað með viðbragðshópi almannafráttarvæðingarmanna á Hornafirði reglubundið ásamt því að í gær sat ég fund með almannafráttarvæðingarmönnum á Suðurlandi ásamt sveitastjórum. Flókið ástand er að myndast víða um land og nú er leikskóli lokaður í Vestmanneyjum, grunnskóli lokaður í Hveragerði og smit að berast á fleiri staði á Suðurlandi. Það er mikilvægt að geta deilt reynslu á milli svæða og stutt hvort annað í þessum aðstæðum. Aðgerðarstjórn er starfandi fyrir allt Suðurland og starfsmaður Rauðakrossins er að sinna verkefnum sömuleiðis. Við munum

treysta á þessi stuðningsnet til að byrja með en svo getur komið til þess að virkja þarf vettvangsstjórn í héraði.

Þessar aðstæður eru flóknar og þá er mikilvægt að íbúar þessa sveitarfélags standi saman. Það eru allir að ganga í gegnum einhvers konar erfiðleika, fyrirtæki, ferðaþjónusta, stofnanir og fleiri. Við erum heppin með okkar framlínusveit á heilbrigðisstofnuninni og verðum að standa vörð um þann hóp sérstaklega. Eins er mikilvægt að temja sér jákvætt hugarfar í erfiðum aðstæðum sem þessum. Þessi faraldur mun ganga yfir og það mun birta á ný í samfélaginu þegar líða tekur á sumar. Ferðamaðurinn kemur aftur og atvinnulífið mun lifna við!

Matthildur Ásmundardóttir, bæjastjóri